

AUGLÝSING

286

31. des.

um breyting á jarðræktarsamþykkt fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða, nr. 72 frá 21. febrúar 1947.

Sjóundi töluliður upptalningar í 18. gr. samþykktarinnar orðist svo:

7. samþykktarsvæði kr. 260 000.00.

Ræktunarfélag Vestur-Ísafjarðarsýslu (7. ræktunarsvæði Búnaðarsambands Vestfjarða), hefur með samþykkt staðfestri 24. nóvember 1950 hækkað stofnsjóð sinn í samræmi við ofanskráða breyting á jarðræktarsamþykkt Búnaðarsambands Vestfjarða.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsaðarsamþykktir í sveitum, og reglugerð nr. 36 20. febr. 1946, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 31. desember 1950.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.

AUGLÝSING

287

31. des.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupsýslum, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

48. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Röðull. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 5. janúar 1950.
49. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Hafsbryn. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 13. febrúar 1950.
50. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Raufarhafnar. Varnarþing á Raufarhöfn. Staðfest 25. apríl 1950.
51. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag tollvarða, Reykjavík. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 31. maí 1950.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946 (Stj.tíð. B., bls. 174—179).

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1950.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gísli Jónasson.